

96. gr.

48

Með samþykkt þessari er úr gildi numín lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík 15. nóv. 1890 með breytingum 21. maí 1895, viðauka 26. nóv. 1898, viðauka 31. des. 1900, og breytingum 5. maí 1906 og 23. maí 1912, og viðbót 21. sept. 1914, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að koma í bága við samþykkt þessa.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. maí 1919.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 19 apríl 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson,
settur.

Breyting

49

28. apríl

**á reglugjörð fyrir Borgarfjarðarsýslu um hreinsun hunda
af bandormum frá 1. ág. 1910.**

1. gr.

Byrjun 2. greinar orðist þannig:

Alla hunda í sýslunni, tveggja mánaða og eldri, skal hreinsa af bandormum 20.—30. nóvembermánaðar ár hvert, eftir leiðarvísi.

2. gr.

Fyrri hluti 8. greinar orðist þannig:

Fyrir sjerhvern hund, er hreinsunarmaður hreinsar samkvæmt reglugjörð þessari, fær hann í hvert sinn 70 aura þóknun.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu 7.—10. þ. m.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 28. apríl 1919.

G Björnsson.